

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 17. nóvember 2000 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins frá 28. september 2000 sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 17. nóvember 2000.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 29. nóvember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

þann 28. september 2000

um málsmæðferð til breytingar á 40. gr. (4. og 5. mgr.), 41. gr. (7. mgr.) og 65. gr. (2. mgr.) samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum (2000/586/JHA).

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum b-lið 31. gr., 32. gr. og 34. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði stórhertogadæmisins Lúxemborgar ¹⁾,

með hliðsjón af álit Evrópuþingsins²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 24. júní 1997 samþykktu ríkisstjórnir konungsríkisins Belgíu, konungsríkisins Danmerkur, sambandslýðveldisins Þýskalands, lýðveldisins Grikklands, konungsríkisins Spánar, lýðveldisins Frakklands, lýðveldisins Ítalíu, stórhertogadæmisins Lúxemborgar, konungsríkisins Hollands, lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Portúgals, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar bókun um breytingu á 40., 41. og 65. gr. samningsins um framkvæmd Schen-

COUNCIL DECISION

of 28 September 2000

establishing a procedure for amending Articles 40(4) and (5), 41(7) and 65(2) of the Convention implementing the Schengen Agreement of 14 June 1985 on the gradual abolition of checks at common borders (2000/586/JHA)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to the Treaty on European Union, and in particular Articles 31(b), 32 and 34 thereof,

Having regard to the initiative of the Grand Duchy of Luxembourg¹⁾,

Having regard to the opinion of the European Parliament²⁾,

Whereas:

- (1) On 24 June 1997 the Governments of the Kingdom of Belgium, the Kingdom of Denmark, the Federal Republic of Germany, the Hellenic Republic, the Kingdom of Spain, the French Republic, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Republic of Austria, the Portuguese Republic, the Republic of Finland and the Kingdom of Sweden agreed on a Protocol amending Articles 40, 41 and 65 of the Convention implementing the

gen-samkomulagsins frá 14. júní 1985, sem undirritaður var í Schengen 19. júní 1990 (hér á eftir nefnd „bókunin“) þar sem kveðið er á um einfaldaða málsmeðferð til að breyta tilvísunum til „lögreglumanna“, „yfirvalda“ og „þar til bærra ráðuneyta“ í þessum greinum.

- 2) Á gildistökudegi Amsterdam-sáttmálans, 1. maí 1999, en í honum var m.a. kveðið á um að Schengen-gerðirnar yrðu felldar inn í ramma Evrópusambandsins, hafði bókunin enn ekki öðlast gildi.
- 3) Bókunin er ekki hluti af Schengen-gerðunum eins og þær eru felldar inn í ramma Evrópusambandsins.
- 4) Síðan Schengen-gerðirnar voru felldar inn í ramma Evrópusambandsins er aðildarríkjunum ekki lengur heimilt að breyta samningnum, sem undirritaður var í Schengen 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum (hér á eftir nefndur „Schengen-samningurinn“).
- 5) Eftir að Schengen-gerðirnar voru felldar inn í ramma Evrópusambandsins er enn þörf á einfaldaðri málsmeðferð til að breyta tilvísunum til „lögreglumanna“, „yfirvalda“ og „þar til bærra ráðuneyta“ þar sem ráðið heimilar hverju aðildarríki fyrir sig að breyta tilvísun til „lögreglumanna“, „yfirvalda“ og „þar til bærra ráðuneyta“ sinna skv. 40. gr. (4. og 5. mgr.), 41. gr. (7. mgr.) og 65. gr. (2. mgr.) Schengen-samningsins (eins og aukið var við hann með ákvæðum samninganna um aðild að Schengen-samningnum) ef innri breytingar og endurskipulagning valda því að núverandi tilvísun er ónákvæm án þess að þess sé krafist að ráðið samþykki formlega breytingar á tilvísununum.
- 6) Allar breytingar á fyrrgreindum ákvæðum, sem ekki eru til komnar eingöngu vegna innri breytinga eða endurskipulagningar heldur fela í sér rýmkun á heimildum samkvæmt ákvæðum 40. og 41. gr. til annarra „lögreglumanna og yfirvalda“ skulu samþykktar í samræmi við viðkomandi ákvæði sáttmálans.
- 7) Breska konungsríkið mun taka þátt í þessari ákvörðun í samræmi við ákvæði 2. mgr. 8. gr. ákvörðunar ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Breska konungsríkisins um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schen-

Gen Agreement of 14 June 1985, signed in Schengen on 19 June 1990 (hereinafter referred to as “the Protocol”) by providing for a simplified procedure to amend references in those Articles to “officers”, “authorities” and “competent Ministries”.

- (2) On 1 May 1999, the date of entry into force of the Treaty of Amsterdam, which provided, inter alia, for the integration of the Schengen acquis into the framework of the European Union, the Protocol had not entered into force.
- (3) The Protocol does not form part of the Schengen acquis as integrated into the European Union.
- (4) After the integration of the Schengen acquis into the framework of the European Union, the Member States can no longer modify the Convention signed in Schengen on 19 June 1990 implementing the Schengen Agreement of 14 June 1985 on the gradual abolition of checks at their common borders (hereinafter referred to as “the Schengen Convention”).
- (5) After the integration of the Schengen acquis into the framework of the European Union, there is still a need for a simplified procedure to amend the references to “officers”, “authorities” and “competent Ministries”, whereby the Council would allow each Member State to modify the reference to its “officers”, “authorities” and “competent Ministries” under the provisions of Articles 40(4) and (5), 41(7) and 65(2) of the Schengen Convention (as supplemented by the provisions of the Agreements of accession to the Schengen Convention), if internal changes and reorganisations were to make the existing reference no longer accurate, without requiring the amendment of the references to be formally adopted by the Council.
- (6) Any modification of the aforementioned provisions which do not result merely from internal changes or reorganisations but purport to extend the powers under the provisions of Articles 40 and 41 to other “officers” and “authorities” should be adopted in accordance with the relevant provisions of the Treaty.
- (7) The United Kingdom will take part in this Decision, in accordance with Article 8(2) of Council Decision 2000/365/EC of 29 May 2000 concerning the request of the United Kingdom to take part in some of the provi-

gen-gerðanna³⁾ að því leyti sem að ákvarðanirnar snerta ákvæði Schengen-gerðanna sem talin eru upp í þeirri ákvörðun.

- 8) Ákvörðun þessi er frekari þróun á ákvæðum sem heimiluðu nánara samstarf samkvæmt bókuninni, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins og fellir Schengen-gerðirnar inn í ramma Evrópusambandsins, og falla undir eitt þeirra sviða sem um getur í 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna⁴⁾,

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Sérhverju aðildarríki er heimilt að breyta tilvísunum samkvæmt ákvæðum 40. gr. (4. og 5. mgr.), 41. gr. (7. mgr.) og 65. gr. (2. mgr.) Schengen-samningsins til „lögreglumanna“, „yfirvalda“ og „þar til bærra ráðuneyta“ að því er varðar lögreglumenn, yfirvöld og þar til bær ráðuneyti sín ef núverandi tilvísanir eru ónákvæmar vegna innri breytinga eða endurskipulagningar.
2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna aðal-skrifstofu ráðsins um sérhverja breytingu, sem gerð er skv. 1. mgr., og skal hún dreifa tilkynningunni til allra aðildarríkja ráðsins.
3. Ráðið skal tryggja að allar slíkar breytingar séu birtar í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.
4. Breytingin öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í fyrrnefndum Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

2. gr.

Málsmeðferðin, sem um getur í 1. gr., gildir einnig um breytingar sem þegar hafa verið gerðar skv. 1. gr.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi deginum eftir að hún er birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

sions of the Schengen acquis³⁾ in so far as the Decision relates to the provisions of the Schengen acquis listed in that Decision.

- (8) This Decision further develops provisions for which closer cooperation has been authorised under the Protocol annexed to the Treaty on European Union and the Treaty establishing the European Community, integrating the Schengen acquis into the framework of the European Union, and which fall within one of the areas covered by Article 1 of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis⁴⁾,
HAS DECIDED AS FOLLOWS:

Article 1

1. Each Member State may amend the references under the provisions of Articles 40(4) and (5), 41(7) and 65(2) of the Schengen Convention to “officers”, “authorities” and “competent Ministries” in respect of its officers, authorities or competent Ministries, whenever, as a result of internal changes or reorganisations, the existing references are no longer accurate.
2. Any amendment made pursuant to paragraph 1 shall be notified by the Member State concerned to the General Secretariat of the Council, which shall disseminate the notification to all members of the Council.
3. The Council shall ensure that any such amendment is published in the Official Journal.
4. The amendment shall take effect on the day following that of its publication in the said Official Journal.

Article 2

The procedure set out in Article 1 shall apply also to amendments which have already been made pursuant to Article 1.

Article 3

This Decision shall enter into force on the day following that of its publication in the Official Journal.

Gjört í Brussel hinn 28. september 2000.

Done at Brussels, 28 September 2000.

*Fyrir hönd ráðsins,**For the Council**D. Vaillant
forseti.**The President
D. Vaillant*

-
- 1) Stjtið. EB C 131, 12.5.2000, bls. 7.
 - 2) Álit skilað þann 14. júní 2000 (óbirt í Stjtið EB).
 - 3) Stjtið EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.
 - 4) Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

-
- 1) OJ C 131, 12.5.2000, p. 7.
 - 2) Opinion delivered on 14 June 2000 (not yet published in the Official Journal).
 - 3) OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.
 - 4) OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

31. desember 2000

Nr. 33

AUGLÝSING

um breytingu á samningi um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Lettlands.

Hinn 27. september og 21. desember 2000 var með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Ríga gengið frá breytingu á samningi um afnám vegabréfsáritana milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Lettlands frá 9. og 14. apríl 1997, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 33/1997 þar sem samningurinn er birtur. Orðasambandinu „þrjá mánuði á einu almanaksári“ í 2. gr. samningsins var breytt og hljóðar nú svo: „þrjá mánuði á hálfu almanaksári“. Breytingin öðlaðist gildi 21. desember 2000.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

31. desember 2000

Nr. 34

AUGLÝSING

um tvísköttunarsamning við Tékkland.

Samningur milli Lýðveldisins Íslands og Lýðveldisins Tékklands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, sem gerður var í Ósló 18. janúar 2000, öðlaðist gildi 28. desember 2000.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.